



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálnefnd
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2000.

Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 272 mál.

Alþýðusamband Íslands telur löngu tímabært að íslensk jafnréttislöggjöf verði endurskoðuð með tilliti til reynslunnar sem fengist hefur á þeim áratug sem liðinn er frá síðustu endurskoðun laganna, þeim nýju sjónarmiðum og áherslum sem komið hafa fram í jafnréttismálum á þeim tíma og skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig í þessum málaflokki með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

Á 123. löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til jafnréttis laga, 498 mál.

Alþýðusamband Íslands fagnaði því frumvarpi og taldi að þar væri að finna margar áherslur og réttarbætur sem gagnast ættu í baráttunni fyrir auknu jafnrétti kynjanna hér á landi. Á það var bent í umsögn ASÍ um frumvarpið að við samningu þess hefði verið tekið tillit til sjónarmiða sem Alþýðusambandið setti fram í þessum málaflokki og að margt væri til bóta frá núgildandi löggjöf. Þrátt fyrir það taldi Alþýðusamband Íslands að verulegir ágallar væru á frumvarpinu. Voru tvö atriði einkum nefnd í þessu sambandi. Annað snéri að því stjórnkerfi, samráði og skipan jafnréttismála sem gert var ráð fyrir í frumvarpinu. Hitt varðaði ákvæði frumvarpsins um launajafnrétti. (Sjá umsögn ASÍ frá 23. febrúar 1999).

Ljóst er að umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar frá fyrra frumvarpi. Að sumu leiti hefur verið komið til móts við þá gagnrýni sem ASÍ setti fram. Á hinn bóginn hefur einnig verið dregið úr framsæknum breytingum sem fyrra frumvarp fól í sér, eða þær jafnvel verið afturkallaðar.

Frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla

Hér á eftir fylgir athugasemdir og ábendingar um nokkra helstu þætti frumvarpsins. Ekki er talin ástæða til að fjalla um önnur atriði sérstaklega.

1. Kærunefnd jafnréttismála í stað úrskurðarnefndar jafnréttismála

Í 4. – 6. gr. frumvarpsins er fjallað um kærunefnd jafnréttismála, sem komin er inn í stað úrskurðarnefndar jafnréttismála skv. fyrra frumvarpi. Ljóst er að samfara þessari breytingu hefur staða nefndarinnar og möguleg áhrif verið veikt til muna frá því sem var í fyrra frumvarpi, þar sem hún á nú að gefa „rökstutt skriflegt álit“ í stað þess að úrskurða um brot á jafnréttislögunum.

Samhliða hefur ákvæðið er varðar rétt og möguleika kærunefndarinnar, áður úrskurðarnefndarinnar, til að afla eða krefjast upplýsinga frá einstaka fyrirtækjum,

stofnunum, félagasamtökum og öðrum um það er nauðsynlegt þykir við athugun einstakra mála, verið veikt til muna frá fyrri frumvarpsdrögum.

Það er mat Alþýðusambands Íslands að þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrri frumvarpi með því að fella út úrskurðarnefndina og setja inn kærunefnd, hliðstætt þeirri sem er í núgildandi lögum, feli í sér mikla afturför sem beri að leiðrétta, enda miklar líkur til að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir muni alls ekki þjóna því markmiði sem henni er ætlað.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið ríka áherslu á að ákvæði fyrri frumvarps um úrskurðarnefnd verði tekin inn í frumvarpið áður en það verður að lögum.

2. Jafnréttisráð og hlutverk þess

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Jafnréttisráð verði skipað með svipuðum hætti og nú er fyrir utan það að inn er kominn fulltrúi fjármálaráðherra sem ekki er í ráðinu í dag. Þetta er veruleg breyting frá því sem var í fyrri frumvarpi, þar sem gert var ráð fyrir 4 fulltrúum, ráðherra, Kvennréttindafélagsins, Kvennfélagasambands Íslands og Háskóla Íslands, auk 3 fulltrúa sem kjörnir væru á Jafnréttisþingi.

Með þessum breytingu er komið til móts við gagnrýni ASÍ á fyrri frumvarp. ASÍ benti á að óeðlilegt væri að Jafnréttisráð sem á einvörðungu að fjalla um vinnumarkaðinn væri ekki skipað aðilum vinnumarkaðarins og taldi að Jafnréttisráð eins og gerð var tillaga um hefði takmarkaða þýðingu. Þá gerði ASÍ athugasemdir við ákvæði frumvarpsins um Jafnréttisþing, þar sem hlutverk þess og fyrirkomulag væri mjög óljóst. Jafnréttisþingið er fallið út úr frumvarpinu.

Eftir sem áður hlýtur það alltaf að vera álitamál hvaða aðilar eigi að tilnefna í Jafnréttisráð. Þannig hefur Kvennfélagasamband Íslands ekki beitt sér sérstaklega í jafnréttisbaráttu á vinnumarkaði.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tilnefningaraðilar tilnefni karl og konu og að það sé síðan ráðherra að vbejla á milli aðila. Alþýðusambandið ítrekar þá athugasemdi sem áður hefur komið fram að sambandið telur í fyllsta máta óeðlilegt að ráðherra hafi á valdi sínu að velja á milli fulltrúa frá tilnefningaraðilum.

Ljóst er að Jafnréttisráði er ætlað annað og minna hlutverk samkvæmt frumvarpinu en nú er. Ekki er gerður ágreiningur um þá verkaskiptingu sem í meginatriðum er lögð til varðandi Skrifstofu jafnréttismála, kærunefnd jafnréttismála, að teknu tilliti til gagnrýni sem sett er fram hér að framan, og Jafnréttisráð. Þó má benda á að nauðsynlegt er að taka á og skýra betur sambandið á milli Jafnréttisráðs, sem samræðu- og stefnumótunaraðila og Skrifstofu jafnréttismála sem framkvæmdaraðila. Þar hlýtur að þurfa að koma til bæði samráð og samstarf sem nauðsynlegt er að löggjöfin leiðbeini um.

Þá er ekki ljóst, miðað við þá stjórnsýslu sem lagt er upp með í frumvarpinu, hver staða og hlutverk jafnréttisráðgjafanna á að vera í samhengi við þær þrjár megin einingar sem byggja á stjórnsýsluna á. Ekki er gert ráð fyrir að þessir jafnréttisráðgjafar eigi samráð eða samstarf við Jafnréttisráð. Lagt er til að þetta ákvæði frumvarpsins verði gert skýrara. Þannig virðist eðlilegast að jafnréttisráðgjafarnir heyri undir Skrifstofu jafnréttismála og vinni í samráði við Jafnréttisráð, á grundvelli þeirra tengsla sem gerð er tillaga um að verði á milli Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

3. Krafa um jafnrétti til launa og annarra starfskjara

Alþýðusambandið styður eindregið þá megináherslum sem fram koma í frumvarpinu um mikilvægi jafnréttis á vinnumarkaði og þá sérstaklega til jafna launa og annarra

starfskjara. Hér er án nokkurs vafa um að ræða þýðingarmesta efni frumvarpsins, Lykilatriði í þessu sambandi er 14. gr. frumvarpsins sem ber yfirskriftina „Launajafnrétti“ og því skiptir miklu að orðalag og öll framsetning sé þannig að grundvallarreglan sé sett fram með sem skýrustum hætti.

Alþýðusambandið fagnar því að ákvæðum 4. mgr. 14. gr. (áður 15. gr.) um launajafnrétti hefur verið breytt til samræmis við ábendingar ASÍ og verður að telja þá breytingu til verulegra bóta.

4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Í 16. gr. er fjallað um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þar er m.a. talað um að starfsmönnum skuli auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduástæðna.

Hér er mikilvægt að kveða skýrt á um að þessir þættir geti aldrei verið forsenda uppsagnar af hálfu atvinnurekenda og að starfsmenn skuli eiga rétt á að koma til sömu starfa að nýju að loknum slíkum leyfum.

5. Rannsóknir á sviði jafnréttismála

Í 5. mgr. 19. gr. er kveðið á um að Háskóli Íslands eigi að bera ábyrgð á rannsóknnum á stöðu kynjanna íslensku samfélagi. Hér er farið út á vafasama braut að mati ASÍ. Með þessu er í reynd verið að segja að ábyrgðin á þessum mikilvæga þætti varðandi jafnréttismálin eigi ekki að vera hjá félagsmálaráðherra, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. frumvarpsins, heldur eigi að fela hana einnig tiltekinni stofnun á háskólastigi hér á landi.

Það er mat ASÍ að þessi nálgun sé röng og ekki í samræmi við meginanda frumvarpsins. Ábyrgðin á þessu starfi á að vera hjá Skrifstofu jafnréttismála fyrir hönd ráðherra, þótt að það sé að sjálfsögðu bæði æskilegt og nauðsynlegt að Háskóli Íslands eins og aðrar fræðslu- og rannsóknarstofnanir m.a. á háskólastigi s.s. Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akureyri sinni öfluggu rannsóknarstarfi á sviði jafnréttismála, bæði að tilhlutan stjórnvalda og fyrir eigið frumkvæði.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að ákvæði 5. mgr. 19. gr. verði breytt og þannig að skyldur stjórnvalda séu skýrar um leið og vísað er til mikilvægis fræðilegrar umræðu og rannsókna á þessu sviði sem víðast í skóla – og rannsóknasamfélaginu.

6. Aðrar athugasemdir

Víða í frumvarpinu hefur greinum verið breytt frá fyrri gerð og þær fluttar til. Ekki verður séð að þetta hafi leitt til efnislegar breytingar og því ekki ástæða til að fjalla um þær hér.

Virðingarfyllst,
F.h. Alþýðusambands Íslands



Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ

Hjálagt fylgir umsögn ASÍ frá 23. febrúar 1999
um mál nr. 498, sem lagt var fyrir 123. löggjafarþing.



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálnefnd
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. febrúar 1999

Alþýðusamband Íslands telur löngu tímabært að íslensk jafnréttislöggjöf verði endurskoðuð með tilliti til þeirrar reynslu sem fengist hefur á þeim tæpa áratug sem liðinn er frá síðustu endurskoðun laganna, þeim nýju sjónarmiðum og áherslum sem komið hafa fram í jafnréttismálum á þeim tíma og skuldbindingum sem Íslendingar hafa tekið á sig í þessum málaflökki með aðildinni að Evrópska efnahagssvæðinu.

Alþýðusamband Íslands fagnar því frumvarpi til jafnréttislaga sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi og telur að þar sé að finna margar áherslur og réttarbætur sem gagnast eiga í baráttunni fyrir auknu jafnrétti kynjanna hér á landi. Ljóst er að við samningu frumvarpsins hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram komu í athugasemdum og ábendingum sem Alþýðusambandið setti fram í bréfi til nefndarinnar sem vann að endurskoðun laga um jafna stöðu og jafnar rétt kvenna og karla, frá 28. september 1998. Nægir í þessu sambandi að nefna það tillit sem tekið er til skuldbindinga í jafnréttismálum sem felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, þ.m.t. að hugtakið „sambærileg“ samanber 4. gr. núgildandi laga er fellt út, vernd gegn uppsögnum þeirra sem leita réttar síns á grundvelli laganna, ákvæði um sönnunarbyrði, áherslur á launajafnrétti, ákvæði um fæðingar- og foreldraorlof og fjarvistir vegna brýnna fjölskylduástandna og ákvæði er tekur á kynferðislegri áreitni. Alþýðusamband Íslands áréttar að það sem nefnt var hér að framan horfir allt til bóta frá núgildandi löggjöf og ýmislegt fleira mætti nefna.

Alþýðusamband Íslands telur, þrátt fyrir það sem að framan segir, að verulegir ágallar séu á frumvarpinu í núverandi mynd sem mikilvægt er að verði lagfærðir til að frumvarpið, verði það að lögum, nái að uppfylla það mikilvæga hlutverk í þróun til aukins jafnréttis sem því er ætlað. Hér eru tveir þættir öðrum mikilvægari. Annar snýr að því stjórnkerfi, samráði og ákvarðanatöku og skipan jafnréttismála sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hinn varðar ákvæði frumvarpsins um launajafnrétti. Fleiri atriði má nefna sem þó eru minniháttar í samanburði við það sem hér hefur verið nefnd.

Skipan jafnréttismála

Frumvarpið gerir ráð fyrir að framkvæmd laganna sé í höndum félagsmálaráðherra og að í umboði ráðherra annist Skrifstofa jafnréttismála, úrskurðarnefnd jafnréttismála og jafnréttisráð daglaga stjórnslu á því sviði sem löggin ná til, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Síðan er fjallað nánar um stöðu og hlutverk hvers þessara aðila um sig. Ekki eru gerðar athugasemdir við skipan og hlutverk Skrifstofu jafnréttismála og úrskurðarnefnd jafnréttismála eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Er þar margt til bóta miðað við núverandi skipan.

Í 7. – 9. gr. frumvarpsins er fjallað um skipun og hlutverk Jafnréttisráðs og Jafnréttisþings. Alþýðusamband Íslands gerir mjög alvarlegar athugasemdir við þá skipan sem þar er lögð til.

Skipun Jafnréttisráðs

Á sama tíma og megináhersla frumvarpsins er réttilega á mikilvægi vinnumarkaðarins og jafnréttis og jafnra möguleika kynjanna á þeim vettvangi gerir frumvarpið ekki ráð fyrir því að aðilar vinnumarkaðarins eigi fast sæti í Jafnréttisráði. Þetta er með öllu óásættanlegt og setur að mati ASÍ alla framkvæmd laganna í mikla óvissu. Það eru aðilar vinnumarkaðarins sem í reynd hljóta öðrum fremur að bera ábyrgð á því að meginmarkmiðum laganna um jafna stöðu og jafnan rétt á vinnumarkaði verði framfylgt, með kjarasamningum og í samskiptum aðila í tengslum við framkvæmdina úti á vinnustöðunum. Þegar að þeirri ástæðu er einkar mikilvægt að þessir aðilar komi með virkum og ákveðnum hætti að þeirri samræðu, ráðgjöf og tillögum að stefnumótun á sviði jafnréttismála og framkvæmd laganna sem fram á að fara á vettvangi Jafnréttisráðs. Þetta á ekki aðeins að vera réttur þessara aðila, heldur ekki síður skylda. Í þessu sambandi verður heldur ekki séð hvernig Jafnréttisráð á að geta þjónað hlutverki sínu ef aðilar vinnumarkaðarins velja að taka ekki þátt í starfi ráðsins eða eiga ekki aðild að ráðinu af öðrum ástæðum. Auk þess má nefna að á undanförunum missirum hefur Alþýðusambandið og ýmis önnur samtök launafólks beitt sér af vaxandi afli í jafnréttis- og fjölskyldumálum og sett þennan málaflokk á oddinn í starfi sínu. Nægir í því sambandi að nefna samninga aðila vinnumarkaðarins um foreldraorlof á Evrópuvettvangi og jafnréttis- og fjölskyldustefnu ASÍ sem samtökin vinna nú að því að koma í framkvæmd.

Í ljósi þess sem að framan segir telur ASÍ nauðsynlegt að ákvæði 7. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að aðilum vinnumarkaðarins verði ætlað fast sæti í Jafnréttisráði. Auk þess má benda á að verði sú skipan sem nú er lögð til látin standa mundi hún sjálfkrafa leiða til mikils misvægis kynjanna í föstum sætum í Jafnréttisráði, sem ekki er í samræmi við þá áherslu sem fram kemur m.a. í 1. gr. og 21. gr. frumvarpsins. Þá er rökstuðningurinn fyrir þeirri skipan sem þar ser gert ráð fyrir mjög óljós og takmarkaður. Þó er ljóst að þeir aðilar sem þar eru nefndir hafa vegna stöðu sinnar allt aðra og minni möguleika til að fylgja eftir markmiðum frumvarpsins en aðilar vinnumarkaðarins.

Jafnréttisþing

Hvað varðar Jafnréttisþing og hlutverk þess er ýmislegt óljóst. Þannig er gert ráð fyrir að Jafnréttisráð semji reglur m.a. um það hverjir eigi seturétt á þinginu og ákveði kjörgengi og kosningarétt þingfulltrúa. Gert er ráð fyrir að 3 fulltrúar í Jafnréttisráð séu kosnir á þinginu. Hér fylgir engin frekari leiðbeiningar en ljóst er að höfundar hafa m.a. haft í huga Náttúruverndarþing. Ekki er lagður dómur á þessa skipan mála og má vera að það sé þess virði að reyna þessa leið til að skapa umræðu og tækifæri fyrir ýmsa áhugahópa til að komast að jafnréttisumræðunni með virkari hætti en nú er. Þó er ljóst að það er vandasamt verk að móta reglur og halda þannig á framkvæmdinni að vel fari.

Hlutverk Jafnréttisráðs

Ljóst er að Jafnréttisráði er ætlað annað og minna hlutverk samkvæmt frumvarpinu en nú er. Eins og áður segir er ekki gerður ágreiningur um þá verkaskiptingu sem í meginatriðum er lögð til varðandi Skrifstofu jafnréttismála, úrskurðarnefnd jafnréttismála og Jafnréttisráð. Þó má benda á að nauðsynlegt er að taka á og skýra

betur sambandið á milli Jafnréttisráðs, sem samræðu- og stefnumótunaraðila og Skrifstofu jafnréttismála sem framkvæmdaraðila. Þar hlýtur að þurfa að koma til bæði samráð og samstarf sem nauðsynlegt er að löggjöfin taki á.

Þá er ekki ljóst, miðað við þá stjórnsýslu sem lagt er upp með í frumvarpinu, hver staða og hlutverk jafnréttisráðgjafanna á að vera í samhengi við þær þrjár megin einingar sem byggja á stjórnsýsluna á. Talað er um að þeir vinni náið með félagsmálaráðuneyti og Skrifstofu jafnréttismála án þess að það sé skýrt frekar. Þá er ekki gert ráð fyrir að þessir jafnréttisráðgjafar eigi samráð eða samstarf við Jafnréttisráð. Lagt er til að þetta ákvæði frumvarpsins verði gert skýrara. Þannig virðist eðlilegast að jafnréttisráðgjafarnir heyri undir Skrifstofu jafnréttismála og vinni í samráði við Jafnréttisráð, á grundivelli þeirra tengsla sem gerð er tillaga um að verði á milli Skrifstofu jafnréttismála og Jafnréttisráðs.

Rannsóknir á sviði jafnréttismála

Í 5. mgr. 20. gr. er kveðið á um að Háskóli Íslands eigi að bera ábyrgð á rannsóknnum á stöðu kynjanna íslensku samfélagi. Hér er farið út á vafasama braut að mati ASÍ. Með þessu er í reynd verið að segja að ábyrgðin á þessum mikilvæga þætti varðandi jafnréttismálin eigi ekki að vera hjá félagsmálaráðherra, þrátt fyrir ákvæði 2. gr. frumvarpsins, heldur eigi að fela hana einnig tiltekinni stofnun á háskólastigi hér á landi.

Það er mat ASÍ að þessi nálgun sé röng og ekki í samræmi við meginanda frumvarpsins. Ábyrgðin á þessu starfi á að vera hjá Skrifstofu jafnréttismála fyrir hönd ráðherra, þótt að það sé að sjálfsögðu bæði æskilegt og nauðsynlegt að Háskóli Íslands eins og aðrar fræðslu- og rannsóknarstofnanir m.a. á háskólastigi s.s. Kennaraháskólinn og Háskólinn á Akureyri sinni öflugum rannsóknarstarfi á sviði jafnréttismála, bæði að tillhlutan stjórnvalda og fyrir eigið frumkvæði.

Í ljósi framanritaðs er lagt til að ákvæði 5. mgr. 20. gr. verði breytt og þannig að skyldur stjórnvalda séu skýrar um leið og vísað er til mikilvægis fræðilegrar umræðu og rannsókna á þessu sviði sem víðast í skóla – og rannsóknasamfélaginu.

Krafan um jafnrétti til launa og annarra starfskjara

Eins og áður hefur komið fram er Alpýðusambandið sammála þeim megináherslum sem fram koma í frumvarpinu um mikilvægi jafnréttis á vinnumarkaði og þá sérstaklega til jafna launa og annarra starfskjara. Lykilatriði í þessu sambandi er 15. gr. frumvarpsins sem ber yfirskriftina launajafnrétti og því skiptir miklu að orðalag og öll framsetning sé þannig að grundvallarreglan sé sett fram með sem skýrustum hætti. Í því ljósi hljótum við að benda á þá ónákvæmni sem koma fram í 3. og 4. mgr. 15. gr. og þá réttaróvissu sem af því getur skapast.

Í 3. mgr. segir að með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Þetta mætti skilja sem svo að í reynd væri heimilt að mismuna kynjunum í launum ef ákvörðunin um launin sé tekin á sama hátt. M.ö.o. tekur þetta ákvæði 3. mgr. ekki með nógu skýrum hætti á því hvað átt er við með því að ekki megi mismuna kynjunum í launum, þótt seinni setning málsgreinarinnar sé að vísu tilraun til að skýra málið frekar. Að mati ASÍ er nauðsynlegt að skýra málið frekar þannig að 3. mgr. verði ekki uppspretta ágreinings og skapi réttaróvissu í fgramkvæmd í þessu mikilvæga máli.

Í 4. mgr. er talað um „önnur sammingsréttindi“. Þetta er orðalag sem valdið getur óvissu og ágreiningi og er í reynd þrengra en ætla verður að höfundar frumvarpsins hafi haft í huga. Skilja mætti málsgreinina þannig að eingöngu réttindi sem kveðið er á um í kjarasamningum (og ráðningarsamningum) skuli falla þarna undir en ekki önnur réttindi, s.s. eins og þau sem atvinnurekandi ákveður einhliða. Út frá markmiðum laganna virðist því betra að segja t.d. „og hvers konar önnur starfskjör eða réttindi“.

Lagt er til að 15. gr. verði endurskoðuð í ljósi þeirra ábendinga sem hér hafa verið settar fram. Skal í því sambandi bent á þann kost að taka upp í innlenda löggjöf orðalag sem er að finna í 119 gr. Rómarsamningnum, en slíkt ætti m.a. að leiða til samræmis í framkvæmd þessarar mála á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er lagt til að fellt verði inn í greininga ákvæði um mikilvægi þess að kjör og ákvörðun þeirra séu sem gagnsæust.

Í 17. gr. er fjallað um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þar er m.a. talað um að starfsmönnum skuli auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduástæðna. Hér er mikilvægt að kveða skýrt á um að þessir þættir geti aldrei verið forsenda uppsagnar af hálfu atvinnurekenda og að starfsmenn skuli eiga rétt á að koma til sömu starfa að nýju að loknum slíkum leyfum.

Að lokum

Hér að framan hefur verið lögð áhersla á lykilatriði í frumvarpinu og bent á nauðsynlegar lagfæringar. Fleira má tína til. Þannig virkar það heldur ankannalegt í ljósi stöðu jafnréttismála í dag þar sem segir í 23. gr. að „... bæta stöðu kvenna eða karla ..“ . Lagt er til að þetta innskot um karla verði fellt út, enda er það ónauðsynlegt og heldur til að draga úr gildi greinarinnar að öðru leyti. Þá er lagt til að 4. og síðasta mgr. 21. gr. um tilnefningar í nefndir og ráð falli út. Eðlilegt er að 2. og 3. mgr. 21. gr. standi þangað til að annað verður þá ákveðið með breytingum á lögum.

Hér verður látið staðar nunið í umfjöllun um frumvarp til jafnréttislaga. Það skal áréttað sem fram kom hér í upphafi að margt horfir til bóta með frumvarpinu. Jafnframt er lögð rík áhersla á að tekið verði tillit til ábendinga og gagnrýni á stjórnkerfi jafnréttismála og þess sem snýr að jöfnum launum og kjörum og samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Slíkt er að mati ASÍ mikilvæg og nauðsynleg forsenda þess að frumvarpið nái tilgangi sínum og að sátt verðu um framkvæmd laganna.

Virðingarfyllt,
F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ

Hjálagt fylgir bréf ASÍ
til nefndar um endurskoðun
jafnréttislaga frá 28. septembebr 1998.